

Minnisblað

Viðtakandi: Fræðslunefnd

Efni: Leikskólinn Sumarhús – staða í byrjun maí 2025

Dags: 5. maí 2025

Málsnúmer: 202505053/-

Sendandi: Þrúður Hjelm, leiðtogi leikskólamála

Greinargerð:

Staðfest hefur verið nafn leikskólans við Vefarastræti 2-6 í Mosfellsbæ. Hann heitir Sumarhús en nafnið kom fram í hugmyndaöflun meðal íbúa Mosfellsbæjar. Fræðslunefnd valdi svo úr þeim 170 tillögum sem bárust.

Berglind Robertson Grétarsdóttir hefur verið ráðin sem leikskólastjóri í Sumarhúsum og bjóðum við hana hjartanlega velkomna til starfa í Mosfellsbæ. Berglind er með B.Ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands. Hún stundar nú meistaranám í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf við Háskóla Íslands. Berglind hefur lokið endurmenntun í starfspróun skólastjórnenda og stundað nám í stjórnunarfræði menntastofnanna í Háskóla Íslands. Berglind á að baki farsælan feril sem skólastjórnandi og það er spennandi að fá hana til liðs við faghóp leikskólastjórnenda í Mosfellsbæ.

Framkvæmdir við byggingu leikskólans Sumarhúsa eru á áætlun, bæði innan- og utandyra. Unnið er að frágangi gólfefna og málun. Síðar í vikunni koma hurðir og gluggaeiningar sem skipta deildum og afmarka ólík svæði í byggingunni. Það eru mörg önnur verkefni sem unnið er að samhliða. Lóðaframkvæmd gengur vel og sett hafa verið upp leiktæki á efri hluta lóðarinnar og að sama skapi er unnið á neðri hluta lóðar en það er styttra komið. Stefnt er að afhendingu skólans frá byggingaraðilum 30. júní.

Innkaup og pöntun húsgagna, tækja og annars búnaðar sem þarf til leikskólastarfsemi er hafin. Húsgögn munu koma frá Hirzlunni sem áttu lágsta tilboðið að þessu sinni. Það á við um borð og stóla fyrir börn ásamt skrifstofuhúsgögnum fyrir fullorðna.

Fyrsta verkefni Berglindar er að auglýsa eftir starfsfólki, taka starfsviðtölin og ráða starfsfólk til að opna þennan glæsilega leikskóla í ágúst að loknu sumarorlofi og bjóða börnin velkomin.

*Virðingarfyllt,
Þrúður Hjelm*